

Vatnamælingar

SUÐURÁ og SVARTÁ,

Bárðardal

Bóndinn, Hörður Tryggvason, í Svartárkoti, mældi með mér Suðurá og Svartá dagana 9. og 10. ágúst 1953. Athugunin var gerð í sambandi við þann möguleika að veita þeim í Króká og auka þannig rennsli um orkuverin í Laxá.

Vatnsfall	Mælistaður	Rennsli m <sup>3</sup> /sek.	Vatnshiti °C
Suðurá	neðan Mótungu	14,8	4,7
Svartá	neðan Svartárvatns	3,5	11,2
Svartá	undan Bjarnastöðum	23,4	8,5

Lausleg hallamæling frá vatnsborði Byttulæks að vatnsborði Suðurrár neðan við Mótungu gaf eftirfarandi niðurstöðu. Byttulækur nefnast syðstu og vestustu upptök Krókár. Mælt var frá vatnsborði Byttulæks um 50 m norðan fjáraðhalds Mývetninga.

Lengd m	Hæð m	
0)	0	vatnsborð Byttulæks
25)	9,94	
126)	13,51	
365)	16,43	Graslendi
628)	16,32	
985)	16,38	
1385)	13,16	
1751)	13,21	meðfram upp- blástursborði

1868)	16,33	
2092)	16,90	
2360)	13,79	
2470)	10,93	
2619) hraun	9,38	
2765)	10,08	
2765)	9,55	vatnsb. o.v. 2. flúð o.v. Stóru-flesju
3127)	11,027	
3127)	10,137	vatnsb. neðan Mótungu

Ef mælt yrði þarna nokkurt svæði má ætla að hagkvæmari leið fyndist. Læt ég svo útrætt um aðstöðuna til að veita Suðurá í Kráká sunnan við Miklamó og Stóruflesju.

Á milli Svartárvatns og Suðurár er á korti herforingjaráðsins sýndur lækur, sem fellur í Suðurá. Þetta er ekki rétt, þarna er enginn lækur, sem fellur í Suðurá, en upp úr hrauninu, þar sem skemmst er á milli Svartárvatns og Suðurár, ólgar töluvert vatns- mikil uppspretta 1-2 m<sup>3</sup>/sek. af 4,2<sup>o</sup> heitu vatni og fellur í Svartá, þar sem hún beygir til norðnorðvesturs.

Suðurá suður af Svartárkoti, uppsprettan, sem áður er nefnd og Svartárvatn eru í líkri hæð yfir sjó. Þarna þyrfti að mæla nokkurt landsvæði til að fá úr því skorið, hvort og þá hvar Suðurá næðist inn í Svartárvatn, en úr Svartárvatni næðist vatnið aftur t.d. um rennu eða jarðgöng norðaustur í Kráká sunnan við hæðina Bræður. Að þessu athuguðu nánar, jarðfræði- sem landfræðilega, yrði svo rennslið mælt þar sem tiltækilegt þætti að ná Suðurá upp. Undan Bjarnastöðum var rennslið 23,4 m<sup>3</sup>/sek. eins og áður er sagt. Eitt- hvað mun hafa bæzt í árnar undan hraunröndinni niður eftir, en það mun ekki hafa verið mikið. Lækurinn hjá Víðikeri var lítill, aðeins

um 0,2 m<sup>3</sup>/sek. Samanlagt rennsli ána hjá Svartárkoti eru því  
röskir 20 m<sup>3</sup>/sek.

p.t. Seyðisfirði, 17. ágúst 1953

Sigurjón Rist  
(sign)